


1. maí 2024

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og lögum um sorgarleyfi (stuðningur við kjarasamninga)

Í sameiginlegri umsögn BHM og BSRB um frumvarpið er hækkun hámarksgreiðslna í fæðingarorlofi fagnað. BHM vill, til viðbótar við þau sjónarmið sem koma fram í sameiginlegri umsögn samtakanna, koma eftirfarandi breytingatillögu á framfæri varðandi upphæð hámarksgreiðslna í fæðingarorlofi.

Kaupmáttur hámarksgreiðslna í fæðingarorlofi hefur rýrnað um 40% frá árinu 2005 og um 60% í hlutfalli við launastig á vinnumarkaði. Sjá myndir að neðan sem sýna hámarksgreiðslur á verðlagi hvers árs (til vinstri) og hámarksgreiðslur í hlutfalli við verðlag og laun (til hægri).

Mynd 1. Hámarksgreiðslur, verðlag hvers árs (t.v.) og vísitölur hámarksgreiðslna 2005-2024 (t.h)




Í töflu að neðan má sjá hámarksgreiðslur hvers árs á tímabilinu 2016-24 framreiknaðar á verðlag ársins 2024. Eins og taflan sýnir var hámarkið hækkað verulega árið 2017 og aftur árið 2019. Hefði hámarkið haldið verðgildi sínu gagnvart verðlagi eða launavísitölu frá síðustu hækkun á árinu 2019 væri það á bilinu 801-885 þús. kr. í dag. 14-26% hærra en upphæðin sem hér er boðuð.

Tafla 1. Hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi, þús. kr.

Ár	Framreiknað á verðlag 2024		Hversu mikið hærra þyrfti hámarkið að vera árið 2024?	
	Með VNV	Með launavísitölu	Kaupmáttur	Laun
2016	532	648	-24%	-7%
2017	705	833	1%	19%
2018	717	809	2%	16%
2019	801	885	14%	26%
2020	784	843	12%	20%
2021	749	762	7%	9%
2022	699	711	0%	2%
2023	636	650	-9%	-7%
2024	700	700	0%	0%

Að ofansögðu og í ljósi þess að fimm ár hafa liðið frá síðustu hækkun telur BHM rétt að hámarksgreiðslur verði færðar í 800 þúsund krónur á mánuði á árinu 2024 í samræmi við verðlagsleiðrétta upphæð frá 2019. Sú breyting eigi jafnt við fæðingarorlof sem sorgarleyfi. Fyrirséð er að hækkunin muni hafa hverfandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs eða verðbólguþrýsting í hagkerfinu. Hafa ber hér í huga að meðalheildarlaun fullvinnandi á vinnumarkaði eru yfir 900 þúsund krónur og kostnaðarauki vegna hækkunar hámarksins úr 600.000 kr. í 700.000 kr. **er aðeins metinn 400 m.kr. í tilfalli fæðingarorlofs og hverfandi í tilfalli sorgarleyfis.** Áhugavert er að setja þessa upphæð í samhengi við 80 ma.kr. pakka stjórnvalda vegna kjarasamninga.

Fyrir hönd BHM

Vilhjálmur Hilmarsson
Hagfræðingur BHM